

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 61/2010

frá 11. júní 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1907/2009 frá 16. nóvember 2009 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dímetóat, etefón, fënamífos, fënarímól, metamídófos, metómýl, ómetóat, oxýdemetónmetýl, prósymídón, þíodíkarb og vínklósólín í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾ sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 307, 21.11.2009, bls. 9.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/163/ESB frá 22. desember 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB um sætuefni til notkunar í matvælum að því er varðar neótam ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„— **32009 R 1097**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1907/2009 frá 16. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 6), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 307, 21.11.2009, bls. 9.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 9, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 9, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 344, 23.12.2009, bls. 37.

2. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54z. (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB):

„– **32009 L 0163**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/163/ESB frá 22. desember 2009 (Stjtið. ESB L 344, 23.12.2009, bls. 37).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):

„– **32009 R 1097**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1907/2009 frá 16. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 6), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 307, 21.11.2009, bls. 9.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1097/2009, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 307, 21.11.2009, bls. 9, og tilskipunar 2009/163/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.